



Borgarráð

Ársreikningur Reykjavíkurborgar og samstæðu fyrir árið 2021

Á fundi endurskoðunarnefndar þann 20. apríl 2022 fór fram kynning á drögum að ársreikningi Reykjavíkurborgar og samstæðu fyrir árið 2021 ásamt fylgigögnum.

Halldóra Káradóttir, Gísli Hlíðberg Guðmundsson, Sigrúros Ásta Sigurðardóttir, Erik Tryggvi Bjarnason, Fjóla Þorgerður Þorgeirsdóttir, Sturla Jónsson, Theodór S Sigurbergsson og Bjarni Már Jóhannesson tóku sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

Samþykkt með atkvæðum Lárusar Finnbogasonar, Sigrúnar Guðmundsdóttur og Sunnu Jóhannsdóttur að formaður gangi frá umsögn til borgarráðs í samræmi við drög sem liggja fyrir á fundinum.

Lögð fram svohljóðandi bókun Einars Sveins Hálfðánarsonar:

Að mínu mati er „samstæðureikningur“ Reykjavíkurborgar ekki í samræmi við 61. grein sveitastjórnarlaga, sbr. lög um ársreikninga og 5. kafla reglugerðar nr. 696/2019 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Innviðaráðuneytið hefur staðfest þennan skilning minn með svari sínu til Alþingis. Framlagning samantekinna reikningsskila í stað samstæðuársreiknings á sér því ekki neina lagastoð. Vísast til þingskjals 626 — 302. máls á 152. löggjafarþingi 2021–2022 hvað varðar þessu alvarlegu ágalla.

Tekjufærsla vegna matsbreytingar fjárfestingaeigna í samstæðuársreikningi að fjárhæð kr. 20.521.219.000 vegna eigna sem notaðar eru til að efna lögbundnar skyldur sveitarfélagsins er ekki í samræmi við alþjóðlegan skilning á efni alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Og noti dótturfélag í samstæðu aðrar matsaðferðir í eigin ársreikningi en móðurfélagið skulu unnin ný reikningsskil fyrir dótturfélagið, sbr. 75. gr. ársreikningalaga, þar sem matsaðferðir eru í samræmi við reikningsskil samstæðu. Vísast jafnframt til bréfs Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga, dags. 3. desember 2021, til borgarstjórnar Reykjavíkurborgar um þetta efni.

Að lokum tel ég að tölulega útlistun á meintum kostnaðarauka borgarinnar, að fenginni aðstoð ríkisins, til sveitarfélaganna vanti algerlega í skýringu nr. 56. um heimsfaraldur af völdum COVID-19. Án slíks útreiknings er ekki hægt að gera sér glögga grein fyrir áhrifum Covid-19 á rekstur borgarinnar. Get ég því ekki að öllu leyti tekið undir umsögn endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar.

Lögð fram svohljóðandi bókun Lárusar Finnbogasonar, Sigrúnar Guðmundsdóttur og Sunnu Jóhannsdóttur:

Einar lýsir hér sinni skoðun á reikningsskilum Reykjavíkurborgar. Við getum ekki tekið

undir sjónarmið í bókun Einars og vísun m.a. í niðurstöðu ytri endurskoðenda og álit reikningsskilaráðs nr. 1/2020 þar sem fram kemur að það gefi „glögga mynd að færa fjárfestingareignir við gangvirði óháð því hver tilgangur með eignarhaldi eignanna er“. Að okkar mati er ársreikningur Reykjavíkurborgar gerður í samræmi við ákvæði laga og reglugerða sem um reikningsskil gilda sem og svör reikningsskila og upplýsinganefndar sveitarfélaga sbr. bréf dags. 8. sept. 2021 og desember 2021. Við teljum því að ársreikningurinn sé tilbúinn til afgreiðslu eins og fram kemur í umsögn endurskoðunarnefndar til borgarráðs.



Hallur Símonarson
e.u.